

Viðauki

við kjarasamning aðildarfélaganna ASÍ og Samtaka atvinnulífsins frá 21. desember 2013

1. gr.

Aðild

Viðauki þessi er gerður á milli Samtaka atvinnulífsins og þeirra 25 aðildarfélaganna og deilda innan Alþýðusambands Íslands sem samþykktu kjarasamningana frá 21. desember 2013.

2. gr.

Gildistími

Gildistími kjarasamninga aðila sem undirritaðir voru 21. desember 2013 og gilda til 31. desember 2014 er framlengdur til 28. febrúar 2015 og falla þeir þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

3. gr.

Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót miðað við fullt starf verði á árinu 2014 kr. 73.600.


Orlofsuppbót fyrir orlofsárið sem hefst 1. maí 2014 miðað við fullt starf verði kr. 39.500.

4. gr.

Viðræðuáætlun


Gengið verður frá nýrri viðræðuáætlun sem tekur mið af þeim tölum sem orðið hafa á endurnýjun kjarasamninga og breytingu á gildistíma þeirra.

Reykjavík, 14. mars 2014

F.Í. Samtaka atvinnulífsins


f.h. FVSA

f.h. Vmf. Skagfirðinga

f.h. VR


f.h. Vmf. Suðurlands

f.h. Stf. Vesturlands v.
verslunar og iðnm.deildar

f.h. Stf. Samstöðu

f.h. Vlf. Vestfirðinga

f.h. Afís – starfsgr.félags

f.h. Vlf. Suðurlands

f.h. VÍ. og sjóm.fél. Bolungarvíkur

f.h. VÍ. og sjóm.fél. Sandgerðis

f.h. Félags hársnyrtisveina

f.h. Félags bókagerðarmanna

f.h. Matvís

f.h. Samiðnar v. hlutaðeigandi
aðildarfélaganna

Bókun

vegna orlofs- og desemberuppbóta sem greiddar eru út jafnóðum með mánaðarlaunum

Með sáttatillögu ríkissáttasemjara hækka orlofs- og desemberuppbætur um kr. 30.000 umfram þá 2,8% hækkun sem gert er ráð fyrir í kjarasamningi frá 21. desember 2013. Hjá verslunarmönnum hækkar orlofsuppbót um kr. 17.300 og desemberuppbót um kr. 12.700. Þar sem samið hefur verið um að orlofs- og desemberuppbætur séu innifaldar í mánaðarlaunum þá eru samningsaðilar sammála um að sérstök hækkun uppbóta sé ekki sjálfkrafa innifalin í mánaðarlaunum. Geta uppbætur komið sérstaklega til greiðslu í júní og desember samkvæmt þeim reglum sem kjarasamningar greina eða komið inn sem kr. 2.500 heildarhækkun mánaðarlauna.

Reykjavík 20. febrúar 2014

F.h. VR



F.h. Samtaka atvinnuólfsins

